

# Solid Clouds forsýnir nýjasta leik sinn, Starborne Frontiers

**REYKJAVÍK, Ísland – Solid Clouds býður hluthafa sína velkomna á fjárfestadag fimmtudaginn 1. desember kl. 17.00 í höfuðstöðvum félagsins. Þeir munu fá kynningu á nýjasta leik félagsins, Starborne Frontiers, og næstu skref varðandi útgáfu leiksins á fyrra hluta næsta árs.**

## DAGSKRÁ

17:00 Gestir mæta  
17:20 Móttökuávarp - stjórnarformaður  
17:30 Leikurinn sýndur - tæknistjóri  
17:40 Næstu skref - forstjóri  
17:50 Léttar veitingar  
19:00 Viðburðarlök

Skrifstofa Solid Cloud er staðsett á Eiðistorgi 17, annarri hæð, 170 Seltjarnarnesi

Takmarkað pláss er svo vinsamlegast smelltu [hér](#) til að skrá þig.

„Það hefur verið virkilega gaman að sjá nýjasta leikinn okkar, Starborne Frontiers, taka á sig mynd síðustu mánuði. Teymið hefur lagt sig fram við að framleiða hágæða tölvuleik sem mun án vafa vekja athygli. Næsti áfangi í þróun leiksins er að taka á móti fleiri spilurum og fá viðbrögð þeirra til að gera leikinn vinsælan“, Stefán Gunnarsson, forstjóri Solid Clouds.

## Um Starborne Frontiers

Nýjasti leikur Solid Clouds, *Starborne Frontiers*, er hannaður fyrir farsíma en einnig er hægt að spila hann á borðtölvu (e. PC). Um er að ræða hlutverkaleik þar sem spilarinn setur sig í hlutverk flotaforingja sem safnar og uppfærir flota til að kanna, skipuleggja og sigra Starborne alheiminn sem er fullur af spennu og bardögum.

Fylgjast má með fréttum um leikinn á [Starborne vefsetrinu](#), en þegar hafa verið birtar nokkrar [fréttir](#) um söguheiminn.

Hér má sjá myndskaið um leikinn: <https://youtu.be/QU-gOAzgkthe>

## Um Solid Clouds

Solid Clouds var stofnað í Reykjavík árið 2013 af Stefáni Gunnarssyni, Stefáni Björnssyni og Sigurði Arnljótssyni og er það fyrsta tölvuleikjafyrirtæki Íslands sem skráð er á markað. Það eru 24 sem vinna að gerð leiksins hjá Solid Clouds og er þróunarteymið leitt af reynsluboltum úr leikjafyrirtæki eins og Ágústi Kristinssyni listrænum stjórnanda, Agli Sigurjónssyni framleiðanda, Þorgeiri Auðunn Karlssyni tæknistjóra og Stefáni Friðrikssyni aðalhönnuði.

Fréttatilkynning  
25 November 2022 09:25:00 GMT



---

Frekari upplýsingar um Solid Clouds, má nálgast á vefslóðinni <https://www.solidclouds.com> eða með skráningu á [póstlista](#) félagsins.

### Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við

---

#### Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson  
[stefanbjo@solidclouds.com](mailto:stefanbjo@solidclouds.com)

#### Viðurkenndur ráðgjafi:

Arion banki, Erlendur Magnús Hjartarson  
[erlendur.hjartarson@arionbanki.is](mailto:erlendur.hjartarson@arionbanki.is)

#### Viðhengi

---

[Solid Clouds forsýnir nýjasta leik sinn, Starborne Frontiers](#)